



2010

Þjóðarspegilinn

“...fyrst og fremst venjuleg börn
með óvenjulegan bakgrunn...,”

Börn ættleidd frá Kína; tengsl við
upprunalandið og þekking foreldra
á uppruna barnanna

Jórunn Elíðóttir

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Helga Ólafs og Hulda Proppé

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-02-0



HÁSKÓLI ÍSLANDS

„...fyrst og fremst venjuleg börn með óvenjulegan bakgrunn...“

Börn ættleidd frá Kína; tengsl við upprunalandið og þekking foreldra á uppruna barnanna

Jórunn Elíóttir

Þegar barn er ættleitt breytist veröldin á margvíslegan hátt. Kjörforeldrar kynnast nýju landi og menningu og eftir því sem tíminn líður verður það hluti af tilverunni þó misjafnt sé hversu mikið hver og einn tengist upprunalandinu. Með ættleiðingunni opnast foreldrum líka nýr heimur af fróðleik og upplýsingum um landið sem barnið kemur frá, fólkið þar, ástæður þess að börn eru ættleidd og fleira. Segja má að ákveðin smáveröld skapist í kringum ættleiðinguna þar sem margt er sagt, ýmislegt lesið, annað fréttist en oft virðist vera um að ræða umræður, fullyrðingar og jafnvel órökstuddan fróðleik. Á veraldarvefnum er að finna mjög margt er varðar áhrif ættleiðingar á börn og hvað leiðir séu bestar að fara þegar barn er ættleitt og heim er komið. Þetta eitt og sér er eins og frumskógur að feta sig í gegnum fyrir fólk sem oft er leitandi að leiðum og áherslum í umönnun og uppeldi barna sinna. Oft eru þetta misvísandi ráðleggingar, jafnvel mýtur, sögur í bland við ágætis hugmyndir, en fyrir margan má ætla að erfitt sé að meta hvað er rétt t.d. hvers má vænta er varðar áhrifa ættleiðingarinnar á barnið (Narad og Mason, 2004). Fyrstu börnin voru ættleidd frá Kína til Íslands árið 2002 en fyrstu börnin ættleidd frá Kína voru til Bandaríkjanna 1992 þegar ný lög tóku gildi í Kína er varðar alþjóðlegar ættleiðingar (CCAA, 2005). Á seinni árum hafa verið gerðar margar rannsóknir er varða ættleidd börn frá Kína sem og önnur börn ættleidd frá öðrum löndum. Ætla má að það sé að verða til góður grunnur til að byggja á þegar verið er að ræða áhrif ættleiðingar á börn almennt og þá einnig börn ættleidd frá Kína (Christoffersen, Hammen, Andersern og Jeldtoft, 2008).

Sú rannsókn sem er hér til umfjöllunar var framkvæmd á vormánuðum 2009 með það að markmiði að auka þekkingu um ættleidd börn og málefni er snertir þennan hóp barna. Rannsóknin tók til margra ólíkra þátta er varðar upplifanir og skoðanir foreldra barnanna sem tóku þátt í rannsókninni. Þeir þættir sem dregnir verða fram hér snúa m.a. að tengslum við upprunalandið og bakgrunni barna sem ættleidd eru frá Kína.

Ættleidd börn búa yfir sérstökum reynsluheimi sem er að mörgu ólíkur reynsluheimi annarra barna. Foreldrar barna, ættleiddum frá öðrum löndum, hafa einnig sérstöðu er varðar þá staðreynd að þeir fæddu ekki börnin og verða því að fræða og upplýsa börnin um uppruna þeirra og tilurð í öðru og oft framandi landi. Mörg þessara barna eru af öðrum kynþætti og deila því ekki sömu útlitseinkennum og almennt er í fjölskyldunni. Aukinn áhugi hefur verið í þá átt að skoða áhrif svokallaðra *transracial adoption* eða ættleiðinga milli kynþátta og áhrif hennar á líf barna. Rannsókn meðal barna ættleiddum frá Kína bendir á að viðhorf foreldra skiptir miklu máli ásamt tengingum við kínverskt fólk eða fólk fætt í Kína þegar kemur að tvenns konar menningarlegri félagsmótun (Thomas og Tessler, 2007). Dorow (2007) leggur áherslu á að foreldrar taki fagnandi öllu sem fylgir því að tengjast tveimur menningarheimum en sýni aðgætni þegar kemur að bakgrunni barnanna og hinum ósýnilegu lífforeldrum. Tengsl við upprunalandið helst oft í hendur við þekkingu um upprunalandið og áhuga á landi og menningu. Ætla má að tengslin byggist einnig á því sem fylgir barninu við ættleiðinguna og ættleiðingunni sjálfri sem slíkrí (MacLeod og Macrae, 2006). Þekking

foreldra á landi og þjóð er án efa mjög misjöfn - allt eftir áhuga viðkomandi, á það einnig við um allt það er varðar bakgrunn barnanna.

Börn ættleidd til Íslands frá Kína eru um margt sérstakur hópur miðað við börn ættleidd frá öðrum löndum. Flestir foreldrar ferðast nokkur saman til að ná í börnin og þessir hópar fara oftast í sama hérað í Kína og fá jafnvel börnin frá sama barnaheimili eða úr sömu borg. Misjafnt er hvort börnin koma beint af barnaheimilunum eða hafa verið í fóstri. Mjög mörg börn hafa komið frá Kína á tiltölulega stuttum tíma þannig að flest börnin hafa, ef vilji er fyrir hendi, möguleika á að tengjast öðrum börnum frá Kína. Tengsl foreldranna byrjar í mörgum tilfellum þeirra á milli áður en lagt er af stað til Kína þegar hóparnir hittast og undirbúa ferðina. Tengsl barnanna byggist svo á áhuga foreldra á að hafa samskipti sín á milli eftir að heim er komið. Nýlegar rannsóknir benda á mikilvægi þess að ættleidd börn kynnist og hafi ákveðnar rætur í upprunalandinu og að þannig öðlist þau sterkari sjálfsmynd sem gerir þau öruggari og sjálfstæðari einstaklinga (Juffer og Van Ijzendoorn, 2007; McGinnis, Livingston Smith, Ryan og Howard, 2009). McGinnis og félagar (2009) hafa m.a. tekið saman nokkur atriði sem uppalendur geta kynnt sér og gott væri að hafa í huga til að vel takist til með þessa þætti í uppeldi ættleiddra barna.

Algengt er að ættleidd börn hafi áhuga á uppruna sínum og vilji vita hvaðan þau eru komin og hvers vegna þau voru ættleidd. Hins vegar er mjög persónubundið, hve mikla þörf hver og einn hefur til að vita meira og skilja hina undirliggjandi þætti er varða ættleiðinguna og þá staðreynd að barnið var yfirgefið sem ungabarn. Þetta getur jafnvel verið kynbundið þar sem rannsókn hefur sýnt að stúlkur sýni þessu meiri áhuga en drengir (Juffer og Tieman, 2009). Mikilvægt er fyrir foreldra að vera vel undirbúnir fyrir ættleiðingu barns og að hafa góðan þekkingarlegan grunn til að byggja á þegar barnið vex úr grasi og fer að spyrja út í uppruna sinn og fyrrum heimaslóðir (MacLeod og Macrae, 2006). Johnson (2004) skrifaði bókina *Wanting a Daughter, Needing a Son. Abandonment, Adoption and Orphanage Care in China* og segir þar frá rannsóknnum sínu um uppruna barna þar sem hún leitast við að svara spurningunni –af hverju var barnið borðið út/yfirgefið og hvaða ástæður liggja að baki þess að svo mörg börn eru ættleidd frá Kína? Þar segir hún m.a. að það hafi komið henni á óvart að uppgötva að fjöldinn allur af þeim börnum sem finnast yfirgefin eru ættleidd af kínverskum foreldrum sem vildu eignast stúlku.

Rannsókn sem gerð var 1995-1996 af Johnson, Banghan og Liyao (1998) segir að yfirleitt séu það giftar mæður sem eiga í hlut þegar börn eru skilin eftir. Þetta var 'venjulegt' fólk, það er að segja ekki var um að ræða sérstaka fátækt eða örbirgð. Mikill meirihluti þessa fólks eru bændur (einungis 3% frá borgum). Ákvörðunin um að láta barnið frá sér var ekki tekin af móðurinni einni (í 5% tilvika réði hún þessu alveg ein). Fedurnir réðu í helmingi tilfellanna, báðir foreldrar í um 40% tilfella og fjölskylda föðursins í um 5% tilfella eða blanda af þessu öllu. Yfirleitt var það faðirinn sem hafði úrslitavaldið er varðaði barnið og mæðurnar urðu að samþykkja ákvörðunina. Fram kom í viðtölum að mæðurnar töluðu um tilfinningalegan sársauka og eftirsjá vegna þess sem gert var. Mjög sjaldan vissi móðirin ekki hvað átti að gera við barnið. Þau sem stóðu að rannsókninni segja að hún staðfesti það sem vitað er um einnar-barna stefnu Kínverja. Níutíu prósent af þeim börnum sem voru skilin eftir voru stúlkur, þar af 86% heilbrigð börn. Sjaldan voru það frumburðar sem voru yfirgefnir þó það væru stúlkur en það var þá vegna þess að barnið var fatlað eða með útlitsgalla eða móðirin ógift. Flest börnin voru stúlkur númer tvö, þrjú eða fjögur eða jafnvel sú fimmta en 87% af þessum stúlkum áttu engan bróður. Ástæðan fyrir því að stúlkurnar voru yfirgefnar samkvæmt Johnson og félögum (1998) var löngun foreldra til að eignast son. Foreldrarnir óttuðust að vera sektaðir ef þeir áttu of mörg börn og fannst þeir oft ekkert val hafa um annað en skilja barnið eftir í von um að einhver tæki það að sér. Lítið bendir til að þetta hafi breyst frá því 1998, sérstaklega til sveita í Kína þar sem

„...fyrst og fremst venjuleg börn með óvenjulegan bakgrunn...“

fólk býr víða enn við mikla fátækt og hefur ekki efni á að eiga mörg börn (Liu og Zhu, 2009).

Þekking sem þessi hjálpar okkur að skilja menningarlegan bakgrunn barnanna og um leið eflir vitund okkar um það sem er rétt og rangt í þessum málum. Það sem við segjum við börnin mótar óhjákvæmilega viðhorf þeirra til upprunalandins og hefur áhrif á þeirra eigin sjálfsmynd sem einstaklingar fæddir í Kína.

Rannsóknin

Rannsóknin var framkvæmd á tímabilinu maí til ágúst 2009. Hér eru einungis dregnir fram nokkrir þættir úr rannsókninni. Rannsóknin var að stórum hluta meginlegg þar sem tölfræðilegum upplýsingum var safnað í gegnum vefkönnunarkerfi. Opnar spurningar gáfu möguleika á skrifuðum svörum sem tengdust ákveðnum spurningum. Beiðni um þátttöku í könnuninni barst í tölvupósti til foreldrar allra íslenskra barna ættleiddum frá Kína, á þeim tíma, og fengu þau sendan spurningalista á vef sem þeir áttu að svara.

Í maí það ár voru 122 börn komin heim, af þeim voru 14 sem áttu systkini frá Kína, 108 fjölskyldur fengu könnunina. Svarað var fyrir 89 börn en foreldrar voru beðnir um að svara fyrir eitt barn ef þau áttu tvö og velja það eldra til að svara fyrir. Þátttaka var mjög góð, eða 82,4%, þar sem einungis voru 19 börn sem ekki var svarað fyrir. Góð þátttaka segir til um áhuga foreldra á þessum málefni og reynsla höfundar af því að ættleiða barn frá Kína hefur án efa líka haft jákvæð áhrif varðandi þátttöku. Spurningakönnunin var mjög yfirgripsmikil þar sem spurt var um þætti er varða bakgrunn barnanna, tímann eftir að heim var komið, þörfina á ráðgjöf og fræðslu, málefni tengd skólanum og heilsugæslu, tengsl við önnur börn frá Kína, áhuga (ef einhver) barnsins á uppruna og upprunalandinu, þekkingu foreldra á málefnum er varðar ættleiðing og öðru tengdum eignum.

Aldur barnanna þegar þau voru ættleidd var: 4 – 12 mánaða; 36%, 13 – 18 mánaða; 52% og eldri en 18 mánaða; 12%. Meirihluti þeirra barna sem svarað var fyrir í rannsókninni var á aldrinum 3 til 7 ára en það eru einnig þeir árgangar sem fjölmennastir eru frá Kína en eftir 2006 fór að hægja á ættleiðingum þaðan.

Niðurstöður

Allir, fyrir utan einn sem taldi barnið of ungt til að geta svarað þessu, töldu það vera mjög mikilvægt að ræða við barnið um ættleiðinguna, upprunann og upprunandið. Einnig að það skipti mjög miklu máli fyrir barnið að þekkja *söguna* um ættleiðinguna. Mikill meirihluti (77%) álitur að það skipti barnið mjög miklu eða frekar miklu máli að heimsækja Kína og fyrri heimaslóðir. Flestir foreldranna (76%) telja það einnig mjög eða frekar líklegt að þau fari með barnið í heimsókn til Kína og skoði heimaslóðir þess. Enginn taldi að það skipti engu máli fyrir barnið. Foreldrar álíta það einnig mjög mikilvægt (55%) eða frekar mikilvægt (24%) að hafa aðgang að efni, námskeiðum og viðburðum tengdum Kína á meðan 20% taldi það hvorki mikilvægt né léttvægt og innan við 4% að þetta skipti engu máli. Þessar upplýsingar eru í rökréttu samhengi við svörin þegar spurt var um hversu mikilvægt eða léttvægt það væri fyrir barnið að lesa eða láta lesa fyrir sig og skoða bækur um Kína og ættleiðingar frá Kína en þar taldi 65% foreldra þetta vera mjög eða frekar mikilvægt. Áhugi barnanna, að mati foreldra, á upprunum og lífforeldrum í Kína þegar þessi mál eru rædd er misjafn, að mati þeirra hefur 6% barna mikinn áhuga á meðan 52% hefur mikinn eða frekar mikinn áhuga. Lítinn eða mjög lítinn áhuga hafa um 20% barna en rúmlega 20% barnanna voru of ungt til að velt þessu fyrir sér að mati foreldra.

Foreldrar telja sig almennt vita mjög lítið sem ekkert um uppruna barnsins, sögu barnsins í Kína og annað þessu tengt og hugsanlega getur komið upp í umræðum um þessi mál. Hátt í tuttugu prósent telur sig vita frekar mikið og 16% hvorki mikið né lítið, enginn telur sig vita mikið um þessi mál. Þrátt fyrir það telja foreldrar það almennt auðvelt eða frekar auðvelt að ræða við barnið um lífforeldrana (66%), nokkur hópur telur þó að þetta sé oft bæði erfitt og auðvelt.

Spurt var um af hverju foreldarnir teldu að barnið hefði verið yfirgefið í Kína. Svörin voru mjög margvísleg en einnar-barna stefna Kínverja var talin aðalástæðan ásamt fjárhagsvanda foreldranna og/eða viðhorfum til stúlkna í Kína. Nokkuð algengt er að foreldrar höfðu ekki velt þessu fyrir sér en hátt í 40% þeirra svöruðu á þá vegu. Mjög misjafnt var hvað fylgdi barni þegar foreldrarnir fengu það í hendur. Nokkrar myndir (1 til 5) voru algengastar (18%) og þar á eftir kínverskur minjagripur eða annar kínverskur hlutur (15%). Tæplega 15% prósent foreldra hafði einnig fengið ljósrit af auglýsingunni sem birt er í dagblöðum eftir að barnið fannst þar sem leitað er eftir foreldrum barnsins. Aðrir hlutir sem fylgdu börnunum voru m.a. fötin sem barnið var í og þurfti ekki að skila, ungbarnamjólk og jafnvel peli. Almennt eru börnin að koma með mjög lítið með sér frá sínu fyrra lífi þó það séu undantekningar, t.d. kom eitt barnið með tvo geisladiska og upplýsingar um það frá því að það fannst 5 daga gamalt. Annað barn kom með fullan poka af nammi og myndaalbúm af barnaheimilinu, barninu og borginni. Mjög fáir (10%) fengu upplýsingar um hvað stóð á miðanum sem fylgdi barninu (ef sá miði fannst eða var til staðar).

Tengsl við upprunann kemur einnig fram í því að mjög algengt er að foreldrar og barnið þekki önnur börn frá sama barnaheimili og barnið kemur frá (öll börn tengjast ákveðnum barnaheimilum þó þau hafir verið í fóstri við ættleiðinguna) eða um 66% fjölskyldna. Tengslin má einnig sjá í svörum þegar spurt var um hvort það skipti barnið litlu eða miklu máli að halda tengslum við önnur börn frá Kína. Um 90% foreldra meta það svo að það skipti barnið mjög miklu máli eða frekar miklu máli. Í opinni spurningu var spurt um hvaða styrk og jákvæða eiginleika, ef einhverja, telja foreldrar að barnið hafi og rekja megi til ættleiðingarinnar? Í samantekt úr svörum foreldra kemur fram að margir foreldrarnir telja að börnin hafi mikla aðlögunarhæfileika, sjálfsbjargarviðleitni, skilning á margbreytileika og mismunandi fjölskylduformum. Einnig börn með sterka vitund um uppruna sinn og gott sjálfstraust. Þetta eru börn sem hafa lært að lífið er margbreytilegt í heiminum. Algengt svar var að börnin hefðu góða jákvæða sjálfmynd sem börn af kínverskum uppruna. Margt af því sem foreldrarnir sögðu endurspeglar í orðum eins foreldris sem sagði; „...þetta eru fyrst og fremst venjuleg börn með óvenjulegan bakgrunn...“.

Umræður

Flestir foreldrar eru sammála því að miklu máli skiptir fyrir barnið að þekkja söguna um ættleiðinguna og kynnast upprunalandinu, þennan áhuga foreldra er varðar hinn kínverska uppruna er einnig að finna í öðrum rannsóknum, m.a. Rojewski (2005). Það er mikilvægt að fjölskyldur ættleiddra barna hafi aðgang að upplýsingum, námskeiðum og öðru sem gætu komið að gagni í þessu sambandi. Lítið hefur verið gefið út af efni á íslensku fyrir ættleidd börn en mjög mikið af barnabókum eru til á erlendum tungumálum. Íslensk börn og foreldrar hafa því mjög lítið lesefni um þessi málefni almennt og má ætla að það hafi einhver áhrif á hve mikið og hvernig fjallað er um þessa hluti á heimilum. Meirihluti barnanna hefur mikinn áhuga á að kynnast uppruna sínum sem er einnig að finna í öðrum rannsóknum er varðar ættleidd börn og sjá má í viðtölum við foreldra og eldri ættleidda einstaklinga (Juffer og Tieman, 2009; MacLeod og Macrae, 2006).

Leiða má líkur að því að tengsl við upprunann byggjast oft á því að lesa saman, ræða saman og jafnvel skoða það sem barnið kom með frá Kína. Könnunin leiðir þó í ljós að börnin eru að koma með mjög fátt með sér frá Kína en það sem þau koma með skiptir máli og eru hlutir sem foreldrar muna vel eftir. Mjög fáir fengu upplýsingar um hvað stóð á miðanum sem hugsanlega fylgdi barninu. Zhang (2006) segir að ætla megi að flest börn séu skilin eftir með miða á sér sem segir til um fæðingardaginn. Kínverjar trúu því að gæfa fylgi tölunum sem tengjast fæðingu barnsins, dagsetning og tími (*shengchen bazi*/átta tölur). Þessar tölur eru t.d. oft notaðar þegar finna á væntanlegan maka. Foreldrar ættleiddra barna fá sjaldan þessa miða og draga má þá ályktun að mörgum finnist þessi miði skipta litlu máli fyrir framtíð barnsins sem er yfirgefið og því gleymist hann og hverfur þegar verið er að huga að barninu. Það að hafa miða á sér mætti líka tengja við ákveðna umhyggju eða forsjárhyggju, sá sem skildi barnið eftir vildi miðla einhverju um það sem persónu. Athyglisvert er einnig að einungis 15% þeirra sem svöruðu könnuninni höfðu fengið ljósrit af auglýsingunni um barnið sem samkvæmt reglum í Kína eru birtar í dagblöðum þar sem skylda er að leita eftir foreldrum barna á þann hátt. Þessi mynd er oft eina myndin sem foreldrar eiga af barninu nokkurra vikna eða mánaða gömlu og hefur því mikið persónulegt gildi. Hægt er að panta slík ljósrit, og greiða fyrir, gegnum ákveðnar heimasíður ef fólk vill nálgast þessar upplýsingar síðar.

Foreldrar telja sig almennt vita mjög lítið um uppruna barnsins og ástæður þess að barnið var skilið eftir og síðan ættleitt. Svörin sýndu að hin víðtæka skoðun er ríkjandi er varðar einnar-barna stefnu Kínverja sem talin er aðalástæðan ásamt fjárhagsvanda foreldra og/eða neikvæðum viðhorfum til stúlkna í Kína. Hins vegar hafa um 4% foreldra ekki velt þessu fyrir sér sem leiðir hugann að því hverju þeir munu svara barninu þegar það fer að spyrja um þessi mál. Í ljósi rannsókna, t.d. Johanson (2004) og Liu og Zhu (2009), þá er þetta ekki algilt eins og ætla mætti.

Flestir kjörforeldrar vilja án efa trúu því að lífmæður barnanna hafi haft þær tilfinningar til barnsins sem mæður almennt hafa, að þetta hafi verið þeim erfitt og þær hugsu enn til þessara barna sem þær gátu ekki annast og sjá aldrei aftur. Trúlega er það svo um margar þessar mæður og fedur, trúlega leitar hugur margra kínverskra mæðra og fedra til barna sem þau hefðu vilja eiga, hugsa um og ala upp en gátu ekki einhverra hluta vegna. Rannsókn Johnson, Banghan og Liyao (1998) sýnir einnig fram á sorg og söknuð lífmæðra barna sem þær þurftu að láta frá sér.

Margar barnabækur gera því skóna að mæður barnanna hugsu mikið til þeirra og beri harm í hjarta vegna þess barns sem var yfirgefið - sjá t.d. *The Three Names of Me*, (Cummings, 2006), *Motherbridge of Love*, (Xinran, 2007), *You're Not My Real Mother!* (Friedrich 2004) og *Mommy Far, Mommy Near: An Adoption Story* (Peacock, 2000). Athyglisvert er hve lítið er af bókum þar sem fedur eða aðrir ættingjar koma við sögu. Yfirleitt er það móðirin og hennar tilfinningar sem sagt er frá og á þann hátt gefið í skyn að kínverska móðirin hugsu til barnsins og það eigi sér stað í hjarta hennar. Fyrir marga foreldra og börn er þetta viðkvæmt mál og skiptir miklu að vel takist til svo barnið læri að verða stolt af uppruna sínum og sérstöðu án þess þó að oftúlka eða dramatísera hinn tilfinningalega þátt er snýr að því að barnið var yfirgefið í frumbersku. Tengsl við aðra ættleidda einstaklinga virðist hafa mikið að segja fyrir foreldra íslensku barnanna sem og börnin sjálf. Ætla má að slík tengsl geti átt sinn þátt í því að börnin byggju upp jákvæða sjálfsmynd, sem margir foreldrar telja börnin hafa og efla um leið tengslin við upprunann og upprunalandið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt (Thomas og Tessler, 2007).

Mikilvægi þess að viðhalda og efla tengsl við upprunalandið og ræða uppruna barnanna mun alltaf vera einstaklingsbundið, bæði er varðar áhuga barnanna sem og hvað og hvernig foreldrar vilja vinna með þessi mál í uppeldi þeirra. Mikill áhugi íslensku ættleiddra barnanna á málefnum er varðar ættleiddinguna gefur vísendingar um að foreldrar séu almennt meðvitaðir um mikilvægi þess að ræða þessi mál en á

hinn bóginn þá virðast þeir ekki alltaf hafa þær upplýsingar sem ætla má að oft þurfi þegar svara á hinum ýmsu spurningum barnanna á trúverðugan hátt. Leiða má líkur að því að oft þurfi að geta í eyðurnar og segja það sem trúlegast þykir enda er margt sem aldrei verður vitað eða hægt að skilja er snertir fortíð barnanna í Kína.

Það sem öll börn ættleidd frá Kína eiga sameiginlegt er að þau hafa verið yfirgefin af lífforeldrum sínum eða þeim sem tók á móti þeim við fæðingu. Þau virðast eiga lítið af efnislegum tengingum við fyrra líf, s.s. myndir eða annað sem tengist uppruna þess og lífinu í Kína. Þau hafa upplifað aðskilnað og höfnun en einnig það að vera tekin opnum örmum inn í nýja fjölskyldu og menningu. Þetta eru börn sem að mati foreldranna eru sterkir einstaklingar þar sem ættleiðingin sem slík er þeim ekki fjötur um fót, heldur eflir og þroskar.

Þegar barn er ættleitt frá Kína þá opnast nýr heimur á margvíslega vegu er varðar menningu í upprunalandinu, tengslin við upprunalandið og tengslin við aðrar fjölskyldur með börn frá Kína. Það er undir hverjum og einum komið hvernig þessum tengslum er viðhaldið en í ljósi rannsókna þá skiptir það barnið máli að hlúð sé að þessum tengslum þar sem slík tengsl auka líkurnar á því að barnið þroski jákvæða sjálfsmynd og nái menningarlegri kjölfestu sem Íslendingur af kínverskum uppruna.

Heimildir

- CCAA-China centre for adoption affairs. (2005). Sótt 2. september 2010 af http://www.-china-ccaa.org/frames/index_unlogin_en.jsp
- Christoffersen, M. N., Hammen, I., Andersen, K. og Jeldtoft, N. (2008). *Adoption som indsats. En systematisk gennemgang af udenlandske erfaringer*. Kaupmannahöfn: Det Nationale Forskningscenter for Velfærd.
- Cummings, M. (2006). *The Three Names of Me*. Park Ridge: Albert Whitman & Company.
- Dorow, S. K. (2007). *Transnational Adoption: A cultural economy of race, gender, and kinship*. New York: New York University Press.
- Friedrich, M. (2004). *You're Not My Real Mother!* New York: Little, Brown Books for Young Readers.
- Juffer, F. og Tieman, W. (2009). Being adopted. Internationally adopted children's interest and feelings. *International Social Work*, 52, 635-647.
- Juffer, F. og Van IJzendoorn, M. H. (2007). Adoptees do not lack self-esteem: A meta-analysis of studies on self-esteem among transracial, international and domestic adoptees. *Psychological Bulletin*, 133(6), 1067-1083.
- Johnson, K., Banghan, H. og Liyao, W. (1998). Infant abandonment and adoption in China. *Population and Development Review*, 3, 469-510.
- Johnson, K. (2004). *Wanting a daughter, needing a son. Abandonment, adoption and orphanage care in China*. St. Paul: Yeong & Yeong Book Company.
- Liu, M. og Zhu, K. (2009) Orphan care in China. *Social work and society. The international on-line journal only*. Sótt 1. september 2010 af http://www.socwork.net/2009/1/-special_issue/mengkai
- MacLeod, J. og Macrae, S. (ritstjórar). (2006). *Adoption parenting. Creating a toolbox, building connections*. Warren: EMK Press.
- McGinnis, H., Livingston Smith, S., Ryan, S. og Howard, J. (2009, nóvember). *Beyond Culture Camp: Promoting positive identity formation in adoption*. New York: Evan B. Donaldson Adoption Institute New York. Sótt 1. september 2010 af http://www.-adoptioninstitute.org/research/2009_11_culture_camp.php
- Narad, C. og Mason P. W. (2004) International adoptions: myths and realities. *Pediatr Nurs*, 30(6), 483-487.
- Peacock, C. A. (2000). *Mommy Far, Mommy Near: An Adoption Story*. Park Ridge: Albert Whitman & Co.
- Rojewski, J. (2005) A typical american family? How adoptive families acknowledge and incorporate Chinese cultural heritage in their lives. *Child and Adolescent Social Work Journal*, 22(2), 133-164.
- Thomas, K. og Tessler, R. (2007). Bicultural socialization among adoptive families. *Journal of Family Issues*, 28(9), 1189-1219.
- Xinran, X. (2007). *Motherbridge of Love*. Barefoot Books: Library Binding edition.
- Zhang, W. (2006). Child Adoption in Contemporary Rural China. *Journal of Family Issues*, 27(3), 301-340.